

Rósa H.

# Funafréttir



3. tölublað 1996.

## Ágætu félagar.



Nú þegar 3. tölublað Funafréttu lítur dagsins ljós er við hæfi að líta um öxl og rifja upp það helsta sem gerst hefur frá því að síðasta blað kom út í maí.

Eins og menn vita lenti mótahald sumarsins dálítið á skjön, bæði vegna þess að aðstaða var ekki fyrir hendi á Melgerðismelum vegna framkvæmda fyrir landsmót og að áður ákveðnar dagsetningar rákust á við ýmsar aðrar uppákomur á Eyjafjarðarsvæðinu. Vonandi gengur okkur betur með þennan þátt félagsstarfsins næsta sumar. Nánar verður fjallað

um gæðingamót og bæjakeppni félagsins hér síðar í blaðinu.



Þátttaka í messugjörð á Möðruvöllum 23. júní sl. var einkar glæsileg en þetta er annað árið sem til slíks er stofnað. Sérstaklega ánægjulegt var að Bylgja og Sigurgeir á Hríshóli létu við þetta tækifæri skíra dóttur sína og komu að sjálfsögðu ríðandi til kirkju. Nú þegar hafa verið lögð drög að næstu messureið enda von okkar að framhald verði þar á.

Félagsferð Funa var farin í Sörlastaði 16 - 18. ágúst og var að venju fjölmenn. Veðrið dagana fyrir ferðina var ekkert of gott en eins og alltaf þá fengum við yndislegt veður. Margt var sér til gamans gert svo sem farið í sund, útreiðartúra og haldin sameiginleg grillveisla auk þess sem margir litu við hjá okkur þessa helgi. Það var því ánægður hópur sem kom vestur yfir Bíldsárskarð á sunnudagskvöldið.





Framkvæmdir á Melgerðismelum hafa verið gríðarlegar á þessu eina ári sem liðið er frá því þær hófust. Þar hafa fjölmargir lagt hönd á plóginn og kunnnum við þeim bestu þakkir fyrir. Aðalsýningarsvæðið er að mestu frágengið og má segja að framkvæmdir séu á áætlun, nema hvað ekki tókst að ljúka þökulagningu á svæðinu vestan við veitingaskálann. Það verk auk margra annara biður bara vinnufúsra handa að vori. Þá má geta þess að Funi hefur nú keypt hlut Léttis í veitingaskálanum og hyggst koma sér þar upp félagsaðstöðu. Fyrir liggur að einangra skálann að innan og breyta jafnframt innra útliti hans. Þegar í þær framkvæmdir verður ráðist verða allar vinnufúsar hendur vel þagnar.



Nú þegar þetta ár fer senn að liða viljum við þakka þeim sem hafa verið snöggir til að greiða heimsenda giróseðla fyrir árgjöldum og hvetjum hina til að gæjast í skúffuna hið fyrsta, því eins og segir orðrétt í lögum félagsins: “Séu félagsmenn ekki skuldlausir við félagið á aðalfundi missa þeir öll félagsleg réttindi í félaginu þar til skuldin er að fullu greidd”.


Að lokum viljum við nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu bæjum sem tóku þátt í bæjarkeppninni fyrir veittan stuðning og nefndum félagsins fyrir vel unnin störf á árinu. Einnig viljum við óska hestamönnum svo og landsmönnum öllum velfarnaðar í starfi á komandi vetri og nýju ári.


**Lifið heil  
Stjórn Funa**

# Úrslit í bæjakeppni Funa 1996

|                       | <u>Nafn</u>                 | <u>Hestur</u> | <u>Keppti fyrir</u> |
|-----------------------|-----------------------------|---------------|---------------------|
| <u>Börn:</u>          | 1. Ragnhildur Reynisdóttir  | Bylur         | Akur                |
|                       | 2. Sara Sigurbjörnsdóttir   | Ponta         | Ytrafell            |
|                       | 3. Jón Bjarnason            | Refur         | Svertingsstaðir III |
| <u>Unglingar:</u>     | 1. Þórhallur Þorvaldsson    | Indíáni       | Æsustaðir/Bragi     |
|                       | 2. Eva Jóhannesdóttir       | Hiti          | Árbær               |
|                       | 3. Sindri Páll Bjarnason    | Röðull        | Uppsálar/Ingólfur   |
| <u>Konur:</u>         | 1. Freyja Sigurvinsdóttir   | Forkur        | Bringa              |
|                       | 2. Elsa Þorvaldsdóttir      | Ölver         | Sandhólar           |
|                       | 3. Anna K. Árnadóttir       | Úlfur         | Jórunnarstaðir      |
| <u>Karlar:</u>        | 1. Þróstur Jóhannesson      | Sörli         | Grund I             |
|                       | 2. Tobias Sigurðsson        | Funi          | Torfur              |
|                       | 3. Sigurður Ólafsson        | Mökkur        | Hrafnagil           |
| <u>Opinn flokkur:</u> | 1. Stefán Birgir Stefánsson | Árvakur       | Hólakot             |
|                       | 2. Þorsteinn Björnsson      | Drafnar       | Svertingsstaðir     |
|                       | 3. Ragnhildur Haraldsdóttir | Gauti         | Skálpagerði         |

Farandbikarinn fékk Freyja Sigurvinsdóttir og hún keppti fyrir Bringu.





Frankvæmdir á Melgerðismelum hafa verið gríðarlegar á þessu eina ári sem liðið er frá því þær hófust. Þar hafa fjölmargir lagt hönd á plóginn og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Aðalsýningarsvæðið er að mestu frágengið og má segja að framkvæmdir séu á áætlun, nema hvað ekki tókst að ljúka þökulagningu á svæðinu vestan við veitingaskálann. Það verk auk margra annara biður bara vinnufúsra handa að vori. Þá má geta þess að Funi hefur nú keypt hlut Léttis í veitingaskálanum og hyggst koma sér þar upp félagsaðstöðu. Fyrir liggur að einangra skálann að innan og breyta jafnframt innra útliti hans. Þegar í þær framkvæmdir verður ráðist verða allar vinnufúsar hendur vel þegnar.



Nú þegar þetta ár fer senn að liða viljum við þakka þeim sem hafa verið snöggir til að greiða heimsenda giróseðla fyrir árgjöldum og hvetjum hina til að gæjast í skúffuna hið fyrsta, því eins og segir orðrétt í lögum félagsins: “Séu félagsmenn ekki skuldlausir við félagið á aðalfundi missa þeir öll félagsleg réttindi í félaginu þar til skuldin er að fullu greidd”.

Að lokum viljum við nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu bæjum sem tóku þátt í bæjarkeppninni fyrir veittan stuðning og nefndum félagsins fyrir vel unnin störf á árinu. Einnig viljum við óska hestamönnum svo og landsmönnum öllum velfarnaðar í starfi á komandi vetri og nýju ári.

**Lifið heil**  
**Stjórn Funa**

## Gæðingamót.

Gæðingakeppni Funa var haldin 1.júní á Hlíðarholtsvelli samhliða gæðingakeppni Léttis. Forkeppnin var sameiginleg hjá félögunum en síðan voru úrslitin aðskilin.

**Helstu úrslit voru:**

### A-flokkur gæðinga:

1. Bessi frá Höskuldsstöðum. Eigandi: Sigurður Snæbjörnsson. Knapi: Ragnar Ingólfsson. Eink. 8,14
2. Árvakur frá Árgerði. Eigandi: Magni Kjartansson. Knapi: Stefán Birgir Stefánsson. Eink. 7,67
3. Mökkur frá Árbakka. Eigandi/knapi: Sigurður Ólafsson. Eink. 7,15
4. Góa frá Garðsá. Eigandi: Óttar Björnsson. Knapi: Birgir Árnason. Eink. 7,97
5. Heiðar frá Skriðu. Eigandi og knapi: Þór Jónsteinsson. Eink. 7,88

### B-flokkur gæðinga.

1. Sörli frá Gilsbakka. Eigandi og knapi: Þröstur Jóhannesson. Eink. 8,35
2. Haukur frá Akurgerði. Eigandi: Sigurður Snæbjörnsson. Knapi: Ragnar Ingólfsson. Eink. 8,33
3. Forkur frá Bringu. Eigandi: Reynir Björgvinsson. Knapi: Sverrir Reynisson. Eink. 8,20
4. Plútó frá Kviabekk. Eigandi og knapi: Jóna Sigurðardóttir. Eink. 8,10
5. Gustur frá Akri. Eigandi: Þór Hjaltason. Knapi: Þór Jónsteinsson. Eink. 7,93

### Ungmennaflokkur:

1. Elsa Ösp Þorvaldsdóttir á Ölver. Eink. 8,12

### Unglingaflokkur:

1. Þórhallur Þorvaldsson á Indjána. Eink. 7,96

### Barnaflokkur:

1. Erna Sigurgeirsdóttir á Sleggju. Eink. 8,07
2. Silja Valdemarsdóttir á Gunnu. Eink. 8,08

